



# Sóun heimilanna

## Ómarkviss innkaup og misheppnaðar gjafir

Það kemur kannski ekki mörgum á óvart ef fullyrt er að íslensk heimili sói stórum hluta ráðstöfunarfjár síns í ofáætluð matarinnkaup, óhentugan fatnað, gjafir sem hitta ekki í mark og ýmislegt dót sem lendir lítið sem ekkert notað uppi í hillu. Samkvæmt könnun sem Félagsvísindastofnun H.Í. gerði nýlega um neysluhegðun Íslendinga henda heimili í mörgum tilfellum miklum verðmætum vegna ómarkvissra innkaupa.

### Samfélagslegt vandamál

Margir myndu kannski segja að það sé þeirra einkamál hvernig neysluhegðun hver og einn temur sér, en er það svo? Neysluvörur hafa alltaf áhrif á umhverfið, hvort sem það er við hráefnavinnslu eða á lokastigi framleiðslunnar, svo ekki sé talað um þau umhverfisáhrif sem varningurinn hefur eftir að hann er kominn í ruslið. Með því að draga úr neyslu og gera markvissari innkaup geta áhrifin orðið jákvæð á fjárhaginn jafnt sem umhverfið. Í fyrrnefndri könnun, sem Neytendasamtökin komu að ásamt Sorpu, Sorpstöðvum Suðurlands, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Landvernd og umhverfissviði Reykjavíkurborgar, kom margt áhugavert í ljós.

### Hverju er hent?

Innkaupahegðun neytenda var sérstaklega skoðuð með tilliti til þess hvort einhverjar tilteknar vörur lentu oftar í ruslinu en aðrar. Í ljós kom að neytendur mættu vanda sig betur við matarinnkaupin þar sem þó nokkur hluti af keyptum mat er aldrei borðaður. Oftast eru það viðkvæmar ferskvörur, t.d. hlutar af salati, brauði eða ávöxtum, sem lenda í ruslatunnunni. Yngra fólkið hendir matvöru frekar en eldra fólkið

og höfuðborgarbúar eru fyrirhyggjulasari í matarinnkaupum en þeir sem búa á landsbyggðinni. Þegar lítið er til fjölda í heimili er mat síst hent þar sem einn er í heimili. Auk matvæla var oft minnst á fatnað og heilsuvörur sem dæmi um misheppnuð innkaup og útsölnur hafa dregið marga neytendur á talar, sérstaklega í fatainnkaupum. Oftast eru það konur sem kaupa föt sem nýtast ekki en karlar kaupa frekar ýmis raftæki sem eru lítt notuð – þá eru upphæðirnar sem eytt er yfirleitt hærrí hjá körlunum.

### Gjafir

Einn hluti könnunarinnar sneri að gjafainnkaupum en fjölmörg mál sem varða gjafakort og skilarétt koma inn á borð Neytendasamtakanna. Skilaréttur er mismunandi milli verslana og dæmi eru um mjög takmarkaðan gildistíma inneignanóta og gjafabréfa (allt niður í 3 mánuði). Þá eru fjölmargar sem leyfa ekki skil á útsöluvörum.

Best væri að allar verslanir byðu endurgreiðslu svo viðtakandi þurfi ekki að einblína á takmarkað úrval verslunarinnar og velja jafnvel „skásta“ kostinn. Þá eru alltaf einhver dæmi um að seljendur hafi orðið gjaldþrota og fólk setið uppi með ónotuð gjafakort og inneignarnótur. Neytendasamtökin telja eðlilegt að gjafakort gildi í 4 ár (í samræmi við almennan fyrningarfrest) og hvetja fólk til að kaupa ekki gjafakort ef gildistíminn er mjög stuttur.

### Gjöfum ekki skipt eða skilað

Miðað við niðurstöður í umræddri könnun eru erindin sem berast Neytendasamtökunum bara toppurinn á ísjakanum.

Niðurstöðurnar sýndu m.a. að í mörgum tilfellum er gjöfum ekki skipt eða skilað af „tillitssemi“ við gefandann. Um 65% svarenda höfðu einhvern tímann verið í þessum aðstæðum. Þá hafði meirihluti svarenda ætlað sér að skipta gjöf en einhverra hluta vegna aldrei komið því í verk. Um 80% vildu þó meina að flestar gjafir kæmu þeim að góðum notum. Einnig var spurt hvort gefendur teldu sig vera að gefa dýrari gjöf en þeim bar hugur til, hefðarinnar vegna. Flestir, eða um 63%, neituðu því en algengara var að yngra fólkið og þeir sem höfðu meiri menntun svörðu þessari spurningu játandi.

### Skoða skilmála seljanda

Ekki er hægt að neita því að niðurstöðurnar eru athyglisverðar þótt þær komi ekki endilega á óvart. Nú þegar tímabil brúðkaupa er að hefjast ættu gestir sem vilja hitta í mark með gjöfinni að kynna sér hvers brúðhjónin óska sér. Þegar gjöf er keypt, spyrjið þá seljandann um skilareglur. Best væri að hann byði upp á endurgreiðslu en ef ekki, þá verður úrvalið alla vega að vera gott og fjölbreytt í versluninni. Gjafakort sem gilda í mörgum verslunum eru öruggari en þau sem gilda bara í einni búð og að sjálfsgöðu veitir ákveðin peningaupphæð að gjöf brúðhjónunum meira frelsi. Einnig er gott að hafa í huga að verðmætasta gjöfin er ekki endilega sú sem kostaði mest.

Neytendablaðið mun fjalla um fleiri áhuga-verðar niðurstöður úr þessari könnun í næsta tölublaði.